



**PRÍPRAUTARSAMBAND ÍSLANDS**  
14.03.2019 (#1 2021-2022)

Fyrsti fundur nýrrar stjórnar er haldinn kl.17 hjá formanni að Ölduslóð  
43 í Hafnarfirði

Mættir eru **Hákon Hrafn Sigurðsson, Valerie Maier, Ingi Poulsen, Jón Ágúst Gunnlaugsson, Guðbjörg Jónsdóttir, Sædis Jónsdóttir, Brynhildur Georgsdóttir og Rún Friðriksdóttir**

Dagskrá fer fram í samræmi við fundarboð

**1. Þinggerð Príprautapingsins 27.2.21**

Þinggerðin er lögð fyrir fundinn og samþykkt samhljóða.

**2. Stjórn skiptir með sér verkum.**

Guðbjörg ritar fundargerð þessa fundar en á kjörtímabilinu tekur Ingi að sér hlutverk ritara og Hákon Hrafn hlutverk gjaldkera.

**3. Utanumhald stjórn PRÍ**

Fram fer umræða um verklag og umgjörð um stjórnarstörf. Umræða fer fram um eftirfarandi þætti:

- Fundartími ákveðinn á sunnudögum kl.17 einu sinni í mánuði.
- Facebookhópur fyrir stjórnina er kynntur nýjum stjórnarmönnum.
- Aðgangur að One-drive svæði stjórnar er kynntur fyrir nýjum stjórnarmönnum. Hákon Jónsson sendir hlekk og upplýsingar um hvernig nálgast má aðgangssvæðið.

**4. Starf og hlutverk stjórnar PRÍ**

Fram fer umræða um starfs og hlutverk stjórnar PRÍ. Fjallað er um eftirfarandi þætti:

- Samband við félög og félagsmenn.
- Dómara og reglur. Eins og staða er í dag eru 5 starfandi dómar, sem eru aðeins með réttindi til að starfa innanlands en ekki alþjóðleg dómara réttindi. Vonast er eftir því að á þessu ári verði eitt alþjóðlegt dómara námskeið
- Fjallað er um fjármál félagsins og tekjustofna þess. Fastur styrkur frá ÍSÍ, Lottótekjur og afrekssjóðurinn mynda heildartekjur sambandsins. Afrekssjóðurinn var 3,5 milljónir á síðasta starfstímabili en samtals

eru tekjur félagsins um 10.000.000 á ársgrundvelli. Allar tekjur koma í gegnum ríkið og ÍSí. Megnið af því fjármagni sem kemur frá afrekssjóðnum hefur verið að fara til Guðlaugar Eddu.

- Unglingaþríþraut. Fjallað er um þann áhersluþátt í sem er að hefjast í starfi stjórnarinnar og snýr að ungmennum í þríþraut. Upplýst um að ákvörðun hafi verið tekin um að finna starfsmann til að annast það verkefni.
- Afreksíþróttamenn. Fjallað um stuðning við afreksíþróttamenn og upplýst um að nú sé komið að því að gera annan samning við Guðlaugu Eddu.
- Alþjóðleg samskipti. Fjallað um alþjóðastarf stjórnarinnar. Heppilegt væri að fá fleiri dómara og þjálfara sem hafa tengingar og vinna á alþjóðlega sviðinu. Valerie fór til Minsk í Hvíta Rússlandi í feb. 2020 á alþjóðlega ráðstefnu. Upplýst er um þá umgjörð og upplifun en þar hitti hún fullt af fólki þar, sem hún er búin að vera að funda með í vetur á netinu.

## 5. Nefndir á vegum ÞRÍ og stjórnarmenn í nefndum

Fram fer umræða um nefndir innan ÞRÍ og kosið í nefndir.

- *Dómara, móta- og tækninefnd.* Hlutverk nefndarinnar er að hafa samband við dómara, stigasöfnun o.fl. Allar reglur eru á veraldarvefnum. Dómarar fá greitt fyrir mótin og ÞRÍ greiðir fyrir tímatöku í mótunum á landinu. Brynhildur kjörinn formaður nefndarinnar með atkvæðum allra.
- *Fjármálanefnd.* Hákon Hrafn kjörinn með atkvæðum allra.
- *Kynningarnefnd.* Nefndin felst í því að miðla upplýsingum og kynna starfið. Mikilvægt er að nefndin annist að skrifa strax fréttir um mót og annað mikilsvert. Mikilvægt er að virkja Guðlaugu Eddu til að kynna sambandið og hvetja hana til að merkja sambandið í færslum á samfélagsmiðlum og senda sambandinu myndir og upplýsingar eftir mótin sín. Hákon Jónssyni er falið að annast verkefni nefndarinnar.
- *Nefnd um hæfileikmótun*  
Hákon Jóns og Valerie voru valin í þessa nefnd
- *Þjálfaranefnd.* Þjálfarar eiga að vera með stig 1 og 2 frá ÍSí og senda á erlend námskeið (World Triathlon) 1 og 2. Erum með 4, sem eru með 1. stig og 2, sem eru með 2. stig. Hákon Jónsson annast verkefni nefndarinnar
- *Ágreinings og sáttanefnd.* Nefndin annast ágreinings og agamál sem upp koma og ákveður farveg þeirra. Ingi Poulsen kjörinn með atkvæði allra.

## **6. Upplýsingar um unglingsþripraut.**

Fjallað er um þá vinnu sem hefur átt sér stað og hvað framundan er í tengslum við það verkefni stjórnar að efla sérstaklega afreksstarf og út frá því að hvetja ungmenni til þátttöku í íþróttinni. Stjórn er sammála því að mikilvægt sé að efla unglingastarfið sérstaklega. Upplýst er að vilji sé fyrir því að ráða Hörð Guðmundsson í tímabundið starf til að halda utan um þetta verkefni. Hörður er gamall sundmaður frá Ægi og er þriprautarmaður og á 15 ára áhugasama dóttur fyrir þripraut. Stjórn hefur lagt til hliðar peninga fyrir verkefnið. Hörður myndi undirbúa kynningar í grunnskólana og víðar. Verið er að leggja áherslu á 14-18 ára aldurinn. Erfitt getur verið að ná til þessa aldurskeiðs. World triathlon eru með leiðbeiningar (guide) um hvernig er best að byggja þetta upp. T.d. þriprautarkeppnir innan skólanna eða á milli skóla. Um er að ræða umfangsmikið verkefni sem kallar á 20-50% starfshlutfall. Viðkomandi þarf að heimsækja 10-20 skóla á höfuðborgarsvæðinu. Við getum fengið ráðningarstyrk með Herði þar sem hann hefur verið án atvinnu um nokkurn tíma og uppfyllir skilyrði Vinnumálastofnunar fyrir ráðningastyrk. Ingi sendir inn umsókn fyrir hann til Vinnumálastofnunar. Samþykkt er með atkvæðum allra að ráða hann. Lagt er til að hann fari markvisst inn í sunddeildirnar þar sem afreksmennirnir eru flestir. Ákveðið að setja upp einhvernskona vegvísi eða langtímaáætlun um það hvernig við viljum byggja upp unglingastarfið.

## **7. Upplýsingar um Guðlaug Edda.**

Fjallað er um málefni Guðlaugar Eddu en henni hefur gengið einstaklega vel undanfarið. Ian OBrien þjálfari hennar frá UK og hefur náð góðum árangri með hana og m.a. verið valinn US-Coach of the year. Búin að vera hjá honum í rúmt ár, fyrst á æfingaferð í Afríku, svo á Íslandi og í nóvember fékk hún að fara til Colorado í USA. Fulltrúar stjórnar hafa fundið með þeim og Guðlaug er í mjög góðum málum og hann er mikið að byggja hana andlega upp. Erum að gera okkur vonir um að hún komist inná Ólympíuleikana í Tókýó í sumar. Ekki er vitað hver staðan er núna. Hún er mjög nálægt því að komast inn. Það verður tilkynnt á fimmtudaginn hvaða stigamót gilda og ekkert stigamót tekið gilt fyrr en í maí. Guðlaug spurði okkur hvort að Ian geti verið landsliðsþjálfari Íslands og ÍSí samþykkir það. ÞRÍ er þegar búin að bjóða honum þetta gegn því að stjórn samþykki. Samþykkt með atkvæði allra.

## **8. Önnur mál**

Dómsmálið. Ingi fór í gegnum helstu hluta málsins og upplýsti um framhaldið